

Netnotkun íslenskra barna og unglinga – Taka 2

Niðurstöður athugana framhaldsnema við KHÍ

Sólveig Jakobsdóttir, dósent KHÍ
Hrund Gautadóttir, Ingunnarskóli
Rún Halldórsdóttir, Viðvelliir
Sigurbjörg Jóhannsdóttir, IR

Rannsókn styrkt af RANNÍS

Markmið

- ⌘ Skoða hvernig börn og unglingar nota tölvur/Netið á Íslandi, hvaða hugsanleg áhrif slíkr notkun hefur á nám og líf þeirra.
- ⌘ Framhaldsnemar sem í námi eru fyrir frumkvöðla á sviði tölvu- og upplýsingatækni, og taka þátt í gagnasöfnun og -úrvinnslu, fái innsýn í áhrif miðla og netnotkunar á börn og unglinga og rannsóknarreyndslu.


Þátttakendur 2002 - gagnasafnarar

- ⌘ Voru á námskeiðinu Nám og kennsla á Netinu við framhaldsdeild KHÍ. Fengu metna rannsóknarþátttöku sem svarar 1/2 einingu. Flestir eru starfandi kennarar (Sjá lista á <http://www.asta.is/nkn2/nemendur.htm>).
- ⌘ Árið 2002 tóku 22 einstaklingar þátt í gagnasöfnun: 17 konur og 5 karlar.
- ⌘ 2002 voru gerðar 102 athuganir og jafnmörg viðtöl. Flestir gerðu 4 athuganir (um 13 mín. hver að meðaltali).
- ⌘ Til samanburðar gerðu 15 einstaklingar 58 athuganir og jafnmörg viðtöl 2001 (gert grein fyrir niðurstöðum á UT2002 ("Taka 1").


Aðferð

- ⌘ Framhaldsnemar: Eigindlegar athuganir og stutt viðtöl
- ⌘ Framhaldsnemar: Frumkóðun (opið, einbeiting, reyndsla, viðhorf, samskipti, sjá nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/kodun.htm>) og umræða
- ⌘ Kennari+1-2 framhaldsnemar: áframhaldandi kóðun og flokkun
- ⌘ Sjá nánar á vefsíðu verkefnis: <http://soljak.khi.is/netnot>


Þátttakendur 2002, úr skólum (valið tilviljunarkennt, 2 stúlkur, 2 piltar)



Þátttakendur 2002, á heimilum (þ.e. yfirleitt "kennarabörn")?



Þátttakendur 2002, allir



Vettvangsathugun ??????????????????

- ❖ Skráðu eins hratt og þú getur allt sem drengurinn í ljósari peysunni gerir; hreyfingar, svipbrigði, hljóð, fingrasetning, samskipti við aðra og forritið.




Vettvangsathugun ??????????????????

- ❖ Skráðu eins hratt og þú getur allt sem drengurinn í ljósari peysunni gerir; hreyfingar, svipbrigði, hljóð, fingrasetning, samskipti við aðra og forritið.



Tegundir netnotkunar



Vinsælar vefsíður ??????????????????

86 einstaklingar undir tvítugum

Þeir heimsóttu
59 nafngreinda vefi og
nokkra ónafngreinda vefi



Vinsælar vefsíður ??????????????????

- ⌘ Afpreying og íþróttir
- ⌘ 62% þátttakenda
- ⌘ Enginn undir 10 ára
- ⌘ Stelpur meira afþreying
- ⌘ Strákar meira íþróttir



Dæmi – appreying (e. verkefni)

☞ Stelpa, 11 ára, í skóla

☞ Nemandi ræsti tölvuna og fór beint í Word forritið til að slá inn texta. Gerði þetta hratt, örugglega og villulaust. Þegar hún var búinn að þessu kallaði hún á kennara og spurði hvort hún mætti fara á Netið. Hún sló inn slóðina á Disney og skoðaði mikið af myndum. Spurði stelpuna við hliðina á sér hvernig ætti að skrifa Britney Spears. Fór síðan á þá síðu og skoðaði myndir þar og sagði "þetta er mjög skemmtilegt."

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=141>

Dæmi - íþróttir

☞ 14 ára strákur, heimili (tölva í eldhúsi)

☞ Strákurinn sest og byrjar strax á að fara á netið. Fer inn á skallagrimur.is, og er mjög ákveðinn. Skoðar og les um 4. flokk karla í knattspyrnu- klórar sér hugsi í hófi og andliti á meðan hann les. Blokkar hluta textans en fer síðan skyndilega í Outlook og sendir fyrirspurn í tölvupósti um kostnað á móti sem verður eftir hálfan mánuð. Fer þar næst inn á liverpool.is og les hratt yfir grein sem heitir Diouf alsæll í liverpool- "hver er það" spyr ég? „það er fótboltamaður frá Senegal sem er að koma til Liverpool. Bakkar og les eitthvað á forsiður fer svo snögg yfir á síðu frænda síns en stoppar ekkert og fer á visir.is til að tékka pósti en þar var ekkert svo hann fer á ksi.is og skoðar um 4. flokk, leikmenn og um næstu leiki, markahæstu menn en allt í einu stendur hann upp og segist vera farinn.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=207>

Vinsælar vefsíður????????????????

☞ Leikir

☞ 52% þátttakenda

☞ Kynjamunur lítill

☞ 10-12 ára mest



Dæmi – leikir, stelpa

☞ Stelpa, 9 ára í skóla

☞ ..Sýnir þeim sem er við hliðina hvað er á síðunni, hann hjálpar henni. Sýnir öðrum félaga hvað er á síðunni. Færir músarbendilinn til á skjánum en þar er belja sem hreyfist með hreyfingum bendilsins. Sýnir félaga við hliðina myndina. Hægri hönd á mús, heldur vinstri hönd uppi. Hlær og bendir á skjáinn, sýnir félaga sínum skjáinn. Situr aftur í sætinu og dillar sér og brosir. Horfir á skjá, hægri hönd á mús, hreyfir axlirnar í takt við tónlist sem hún heyrir í heyrnartólum. Hreyfir músarör fram og til baka. Segir "ég er að fara að mjólka, já." Lætur beljuna hreyfast með mús. Setur vinstri hönd á magann á sér. Dillar sér í takt við tónlist. ..

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=106>

Dæmi – leikir, strákur

☞ Strákur, 8 ára í skóla

☞ Er í leik, talar mikið við sjálfan sig. Dæmi: "passaðu þig, dumhead... Eg er hundurinn..." Er alltaf á iði, situr skakkur á stólnum, talar við leikinn, er með heyrnatól, slær fast á lyklaborðið, talar mikið við sjálfan sig, segir frá því sem er að gerast í leiknum. "...heyrðu farðu frá mér.. ég á skilið að drepa ykkur..." Einbeittur og trufast ekki af öðrum í stofunni. Sessunautur kvartar yfir hávaða í honum. Situr á fætinum á sér. "...farðu, farðu, auli, auli, auli..." Kennari ávitar nemandann fyrir hávaða. Klórar sér í hálsinum... "go away... go away... farið burt aularnir ykkar..." Talar stanslaust við tölvuleikina. Notar örvar og mús á lyklaborði og músartakka. Er þreyttur [þreytulegur að sjá?] þegar leikurinn er búinn, teygir sig, lagar sig í stólnum, klórar sér í hálsinum. Fer í annan leik, kallar á kennarann en heldur samt áfram að finna annan leik, á Cartoon network.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=156>

Vinsælar vefsíður????????????????

☞ Upplýsingar

☞ 31% þátttakenda

☞ Vefsíður skóla, 9%

☞ Kvk +13 ára mest



Dæmi – upplýsingar

☞ Strákur í skóla – 11 ára

☞ Þegar hann fær að fara frjálst á Netið fer hann á vefslóðir sem áður hefur verið farið í og segir „cool“ þegar hann finnur síðu sem er um pósthöng o.fl. og heitir tony.hawk. Horfir á sessunaut sinn og spyr: Hvar er þessi leikur? Þegar sessunautur hans er í boltaleik. Finnur fjótlega leikinn. Sér að félagi hans er kominn inn á bílasiðu og spyr hann hvar sú síða sé. Virðist samt ekki átta sig á því og fer inn á leit.is og slær inn leitarorðinu bílar. Leitar en á í erfiðleikum með að finna síður. Tekst að lokum og finnur síðu sem sessunautur hans spyr hann um hvernig hann hafi fundið. Nemandi hefur örugga stjórn á músinni og hreyfir hana með stuttum hreyfingum.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=100>

Dæmi – vefir skóla

☞ 19 ára stúlka - heima

☞ Stúlkan gengur að tölvunni og sest í stólinn. (Tölvun er sitengd.) Situr langt frá og hængir í stólinum gripur með hægri hendi um músina. Það er spilið tónlist á tölvunni á meðan verið er að vinna í henni í þetta sinn. Er mjög fljót að gefa skipanir með músinni þannig að ég sé ekki hvað hún var að gera. Fer á heimasíður skólans [sins?], setur vinstri hönd að munn og tosar í vörina á meðan hún les. "Slær" taktin í laginu með vinstri fæti. Skannar niður síðu og tekur þátt í kosningu í skólanum. Sé ekki hvað það er.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=76>

☞ 14 ára stúlka – skóla

☞ Velur ismennt.is og fer að leita að vefjum framhaldsskóla. Skoðar kvenno.is. Finnur myndir. Skoðar en dvelur ekki lengi við. Fer fram og til baka í myndasafninu. Fer og skoðar slóðirnar sem eru í "address-inu" í vefskoðaranum. Skoðar hratt og hreyfir músina mikið. Dvelur nánast ekkert við.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=132>

Vinsælar vefsíður??????????????????

- ☞ Samskipti
- ☞ 22% þátttakenda
- ☞ Stelpur meira
- ☞ Mest eftir 13 ára



Dæmi, samskipti

☞ 19 ára stúlka heima

☞ Fer á Yahoo og nær í í-meilið er með mjög langt leyriorð, fljót að slá það inn. Þekkir umhverfið sem hún er að vinna í vel. Tekur próf sem einhver vinkona sendi. "Æ hvert fór þetta, desktop, þetta get ég ekki skoðað. Nei Ó fór rangt" "Fer á síðu uconics.com skoðar skriflur. Fliassar. Hún slær taktin með fætinum allan tíman Segir "Æ ég þarf að flýta mér er að fara út" Lokar á netið. Stendur upp og fer.

☞ Nánar á <http://soljak.khi.is/netnot/lysing.asp?ID=76>


Vinsælar vefsíður??????????????????

- ☞ Leitarvefir
- ☞ 19% þátttakenda
- ☞ Aðallega leit.is (16%)




Einbeiting - athygli

☞ Eykst með aldri, minnkar með samskiptum og í öfugu hlutfalli við "flökt" (ekki sterkar tilhn.)




Viðhorf


Strákar hafa tilhneigingu til að sýna jákvæðari viðhorf en stelpur




Samskipti (ath. ekki netsamskipti)



Reynsla



Nám?




Viðtöl við börn og unglinga (yngri en 20) 2001 og 2002

Viðtöl og athuganir teknar heima og í skóla. Nokkurn veginn á líka margir strákar og stelpur. Meðalaldur allra hópa 12 ára.

- 2001: 50
- 2002: 86

Spurt var um netnotkun í og utan skóla og tækninotkun í og utan skóla

Viðtöl – Netnotkun 2002



Notkun eykst með aldri (en ekki marktæk fylgni milli kyns og netnotkunar)

Netnotkun í og utan skóla

Drengir netnot utan skóla		Stúlkur netnot utan skóla	
⌘ 2001	80%	⌘ 2001	76%
⌘ 2002	95%	⌘ 2002	93%

Drengir netnot í skóla		Stúlkur netnot í skóla	
⌘ 2001	92%	⌘ 2001	72%
⌘ 2002	94%	⌘ 2002	95%

Til hvers er netið notað heima

Drengir heima 2001		Stúlkur heima 2001	
❖ Leikir	14	❖ Leikir	7
❖ Heimildir	5	❖ Heimildir	6
❖ Tónlist	5	❖ Tónlist	4
❖ Tölvupóstur	5	❖ Tölvupóstur	8

Drengir heima 2002		Stúlkur heima 2002	
❖ Leikir	23	❖ Leikir	9
❖ Heimildir	8	❖ Heimildir	6
❖ Tónlist	5	❖ Tónlist	4
❖ Tölvupóstur	5	❖ Tölvupóstur	11

Til hvers er netið notað í skóla

Drengir 2001		Stúlkur 2001	
⌘ Leikir	9	⌘ Leikir	8
⌘ Heimildir	11	⌘ Heimildir	6
⌘ Verkefni	9	⌘ Verkefni	5

Drengir 2002		Stúlkur 2002	
⌘ Leikir	15	⌘ Leikir	12
⌘ Heimildir	12	⌘ Heimildir	8
⌘ Verkefni	7	⌘ Verkefni	10

Tækni notkun heima

Drengir 2001		Stúlkur 2001	
❖ Tölvur	26	❖ Tölvur	22
❖ Sjónvarp	23	❖ Sjónvarp	25
❖ Geislaspilarar	18	❖ Geislaspilarar	21
❖ Farsími	12	❖ Farsími	10
❖ Leikjatölvur	12	❖ Leikjatölvur	3
Drengir 2002		Stúlkur 2002	
❖ Tölvur	29	❖ Tölvur	26
❖ Sjónvarp	28	❖ Sjónvarp	29
❖ Geislaspilarar	19	❖ Geislaspilarar	23
❖ Farsími	17	❖ Farsími	10
❖ Leikjatölvur	15	❖ Leikjatölvur	7

Tækninotkun í skóla

Drengir 2001		Stúlkur 2001	
❖ Tölvur	25	❖ Tölvur	24
❖ Sjónvarp	12	❖ Sjónvarp	13
❖ Geislaspilarar	8	❖ Geislaspilarar	5
❖ Farsími	3	❖ Farsími	0
❖ Segulband	2	❖ Segulband	2

Drengir 2002		Stúlkur 2002	
❖ Tölvur	27	❖ Tölvur	26
❖ Sjónvarp	15	❖ Sjónvarp	19
❖ Geislaspilarar	7	❖ Geislaspilarar	10
❖ Farsími	2	❖ Farsími	0
❖ Segulband	2	❖ Segulband	6

Engin notandi var (valinn) undir 6 ára aldri.

Þó byrjað sé að kenna börnum á tölvur í fyrsta bekk virðist netnotkun barna í skóla byrja síðar. Algengast að þau segist vera að vinna verkefni á Netinu (s.s. stærðfræðiverkefni) og skoða heimasíður skóla þegar þau eru spurð hvernig Netið sé notað í skólanum.

Úr viðtölum: Um netnotkun í skóla stelpur

10 ára stelpa, 2002: "Stundum til að búa til heimasíðu með bekknum, við voru líka að gera verkefni um sólfarfið þá leituðum við á vefnum, prentuðum út og píkkuðum inn og gerðum myndir og hengdum það upp í stofunni okkar"

11 ára stelpa, 2002: "Fer á visir.is eða í leiki, læri að leita að upplýsingum fer þá á leit.is eða á síðu sem kennarinn segir til að nota í verkefni"

14 ára stelpa, 2002: "Leita á vefjum, leika sér í frjálsum tímum, afla upplýsinga."

15 ára stelpa, 2002: "Gera verkefni. Einu sinni gera dagblað. Fáum alltaf að fara á netið í lok tímans..."

Úr viðtölum: Um netnotkun í skóla strákar

☞ **11 ára strákur, 2002:** "Skylduverkefni, skoðum póstinn og fórum á "draslsíður".

☞ **11 ára strákur, 2002:** "Afla uppl. "það er það eina sem við megum gera!

☞ **11 ára strákur, 2001:** "Oj það er svo leiðinlegt við fáum aldrei að fara á netið nema til þess að gera eitthvað leiðinlegt. Við þurfum stundum að leita af einhverju, hundleiðinlegt."

☞ **14 ára strákur, 2002:** "Í stærðfræði ná í og leysa aukaverkefni, fer á vefsíðu kennarans til að finna verkefni, líka í aðeins í ensku"

Til umhugsunar

☞ Sérkennilegar síður (8 ára) Leikjasíður og www.puki.com.

☞ 12 ára kaupir leiki af netinu. ? ????????

Lokaorð

☞ Flest íslensk börn og unglingar hafa notað Netið heima og í skóla þó nýting virðist takmörkuð meðal yngri en 16 ára. Þó eru mörg að fá reynslu í skólum í upplýsingaleit á Neti og nýtingu þess í tengslum við ýmiss konar verkefni og kennslugreinar. En oft virðist þó Netið vera nýtt með eða án leyfis kennara til leikja í bland við eða eftir aðra (tölvu)vinnu. Mikil leikjanotkun gæti haft neikvæð áhrif á viðhorf til netnotkunar í námi og vinnu í skólum, einkum meðal drengja.

☞ Enn er gagnauðrvinnsla í gangi og unnið að því að endurbæta rannsóknaraðferðir. Næsta gagnasöfnun fer fram í mars-apríl 2003 á námskeiðinu Nám og kennsla á Netinu í framhaldsdeild KHI.

☞ Heimsækið endilega vef verkefnis á <http://soljak.khi.is/netnot> !